



Alþingi
Erindi nr. P 141/391
komudagur 7.11.2012

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Alþingi
b.t. allsherjar- og menntamálanefndar

Reykjavík 6. nóvember 2012

Austurstræti 8 - 10
150 REYKJAVÍK

1210007SA TP
Málalykill: 401

Efni: Frv. til laga um samning SP um réttindi barnsins - 155. mál 141 lþ.

Með tölvupósti nefndasviðs Alþingis, dags. 19. október sl., var ofangreint þingmál sent til umsagnar hjá Sambandi Íslenskra sveitarfélaga.

Sambandið styður lögfestingu barnasáttmálans í samræmi við ákvæði frv. og telur að almennt eigi að fara þá leið við innleiðingu alþjóðlegra mannréttindasamninga í íslenskan rétt. Skuldbindingar skv. slíkum sáttmálum komi síðan til nánari útfærslu í framkvæmda- eða aðgerðaáætlunum, auk þess að vera mótandi við endurskoðun annarra laga.

Sérstaklega skal tekið fram að margvísleg réttindi skv. barnasáttmálanum og öðrum hliðstæðum þjóðréttarskuldbindingum, eru matskennd og ráðast að töluverðu leyti af menningarbundnum þáttum í hverju samfélagi fyrir sig. Þá eru alþjóðlegir samningar af þessu tagi lifandi skjöl, þar sem túlkun og inntak réttinda tekur m.a. mið af tækniþróun.

Þá er það viðurkennt skýringarsjónarmið að matskenndir, breytanlegir þættir af þessu tagi (sbr. m.a. 2. mgr. 6. gr. og 2. mgr. 4. gr. barnasáttmálans) komi til framkvæmda í samræmi við það svigrúm sem til staðar er hverju sinni. Af hálfu sambandsins er lögð áhersla á að framkvæmdaáætlanir þar að lútandi séu raunhæfar og aðgerðir kostnaðarmetnar, þannig að örugglega sé gert sé ráð fyrir fjármögnun aukinna og bættra réttinda.

Forgangsröðun í þágu barna og fjölskyldna þeirra

Sérstök ástæða er til þess að nefna að þrátt fyrir veruleg efnahagsleg áföll og þrönga fjárhagsstöðu margra sveitarfélaga á undanförunum árum hefur almennt tekist að viðhalda og bæta við réttindi barna gagnvart þeirri þjónustu sem sveitarfélögin veita, einkum innan skólanna. Að mati sambandsins lýsir það afdráttarlausri forgangsröðun sveitarfélaga í þágu barna og fjölskyldna þeirra. Nefna má að velferðarvaktin (sem starfar á vettvangi velferðarráðuneytisins) hefur nýlega fagnað aðgerðum skólastjórnenda til að tryggja velferð barna í kjölfar efnahagshrunsins.

Óhjákvæmilegt er að benda á að forsenda þeirrar forgangsröðunar er sá sjálfstjórnarréttur sem sveitarfélögin búa að sem og nálægð kjörinna fulltrúa og þeirra sem þjónustunnar njóta. Það skýtur því verulega skökku við að sjá þau ummæli í athugasemdum við frumvarpið að nefnd SP um réttindi barnsins telji „algengt“ að málefni barna séu neðarlega á forgangslista sveitarstjórna.

Að mati sambandsins hljóta þessi ummæli að spretta af þekkingarleysi í ljósi fyrirbyggjandi gagna um það stóra átak í málefnum yngri skólastiga sem sveitarfélögin hafa staðið fyrir á umliðnum árum. Þá hefur víða verið sett verulegt fjármagn í uppbyggingu íþrótt- og tólmstundaaðstöðu fyrir börn.



Hins vegar má taka undir það að fjölmörg grá svæði, m.a. milli heilbrigðisþjónustu og félags- og skólþjónustu, hafa bitnað illa á börnum sem þurfa sérstakan stuðning. Könnun velferðarvaktarinnar frá mars 2011, og aftur sumarið 2012, um líðan þeirra barna sem áttu í vanda fyrir efnahagshrunið leiddi í ljós að efla þarf samvinnu milli þjónustukerfa. Hér er um mikilvægt úrlausnarefni að ræða sem kallar á stefnumörkun af hálfu ráðuneyta og löggjafans.

Um breytingar á öðrum lögum

Af hálfu sambandsins er tekið undir 1. tölul. 4. gr. frv. (breyting á lögum nr. 40/1991) enda eru ákvæði þeirra laga komin til ára sinna. Umræddir kaflar laganna (þ.e. VIII. og IX. kafli) innihalda á hinn bóginn fjölmargar tilvísanir til sérlaga, þar á meðal barnaverndarlaga, og hefur breytingin af þeim sökum ekki ýkja mikla þýðingu.

Meiri ástæða er til þess að staldra við þá breytingu sem lögð er til á lögum nr. 59/1992, um málefni fatlaðs fólks, m.s.b. Hvað efni þessa 2. tölul. 4. gr. varðar vill sambandið benda á eftirfarandi:

- Orðalag liðarins er fremur stofnanamiðað þegar rætt er um „þjónustu þeim til handa“. Eðlilegra virðist að hafa hliðstætt orðalag og í 1. tölul., þ.e.: Barn á rétt á að láta í ljós skoðanir sínar á málum sem það varða á grundvelli þessara laga, miðað við aldur þess og þroska.
- Lagt er til að við ákvæðið bætist einnig: eftir því sem við verður komið til þess að undirstrika að framkvæmdin er háð því að tiltekin aðstaða sé fyrir hendi. Fram kemur í skýringum við 4. gr. að „allra tiltækra leiða“ sé leitað í þessum tilvikum, og undirstrikar það að skyldan er ekki fortakslaus.
- Breytingartillagan snertir sérstaklega heyrnarskerta, heyrnarlausu og daufblinda einstaklinga en málefni þessara hópa hafa lengi verið til umfjöllunar í stjórnkerfinu. Meðal annars er rætt um verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga og rétt til tálknsmálstúlkunar. Ný framkvæmdanefnd hefur nú tekið til starfa sem ætlað er að skilgreina markmið og leiðir í þjónustu, greina kostnað og móta skipulag til skemmri og lengri tíma. Innleiðing skyldna gagnvart börnum skv. 4. gr. fyrirbyggjandi frv. er háð þeim niðurstöðum.

Sambandið tekur að svo stöddu ekki afstöðu til breytingartillögu 3. tölul. varðandi vistun barna á heimilum á vegum barnaverndaryfirvalda en bendir á að til framtíðar munu öll slík úrræði verða á forræði ríkisins. Boðuð hefur verið heildarendurskoðun á lögum um fullnustu refsinga og reiknar sambandið með því að veita umsögn um öryggisgæslu og önnur slík úrræði gagnvart börnum þegar þar að kemur.

Virðingarfyllst

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Karl Björnsson
framkvæmdastjóri